

SUNNUDAGUR 4. APRÍL 1976

Samningar við opinbera starfsmenn:

## Útgjaldaaukning ríkissjóðs 3,1 milljarður

LAUSLEGIR útreikningar á útgjaldaaukningu ríkissjóðs vegna kjarasamningsins, sem undirritaður var hinn 1. apríl við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, bendir til að hún sé um 2,8 milljarðar á næsta 14 mánaða tímabili og er þá eingöngu miðað við þær kaupatahækkunar, sem samningarnir fela í sér. Gert er ráð fyrir með sama reikningi að útgjaldaaukning ríkissjóðs fyrir allá opinbera starfsmenn sé um 3,1 milljarður á sama tímabili.

Arlegur kostnaður ríkissjóðs vegna launagreiðsna er um 12 milljarðar króna. Sé gert ráð fyrir að 1. marz hækkunin, sem samið var um fyrir nokkru, sé um 7%, 6% taxtahækkun og 1% hækkun vegna sérkrafna, nemur útgjaldaaukningin vegna þessa fyrsta áfanga 840 milljónum króna. Vegna 6% hækkunar hinn 1. júní næstkomandi hækkar svo útgjaldapóstur ríkissjóðs um 760 milljónir króna og aftur hinn 1.

september um 800 milljónir. Hækkun vegna 5% hækkunar hinn 1. janúar 1977 nemur um 700 milljónum króna. Samanlagt nemur því útgjaldaaukningin um 3,1 milljarði króna. Sé hins vegar tekið með taxtahækkun BSRB, sem gert er ráð fyrir að komi til framkvæmda árið 1978, 4%, nemur hækkunin 3,8 milljörðum króna. Er það hækkunin vegna taxtbreytinga á öllum samningstímum. Er þá ekki reiknað með útgjaldaaukningu vegna hinna óvissu stærða, sem rauðu strikin koma til með að valda og áframhaldandi vísitölubinding taxtanna eftir að þeim sleppir.

Höskuldur Jónsson, ráðuneytistjóri í fjármálaráðuneytinu, sagði í viðtali við Morgunblaðið að ráðuneytið væri að láta reikna út kostnaðaraukningu vegna samninganna, en þeir útreikningar liggja ekki fyrir enn. Því vildi hann ekkert ákveðið segja um.

Framhald á bls. 26



SLYSSTAÐURINN — Örin bendir á vökina á Bakkatjörn, þar sem drengirnir féllu í vatnið.

Ljósmynd Mbl. Friðbjöfur.

Sviplegt slys á Seltjarnarnesi:

## Tveir litlir drengir drukkna í Bakkatjörn

ÞAD sviplega slys varð s.l. föstudagskvöld, að tveir litlir drengir, 7 og 8 ára drukknuðu í Bakkatjörn á Seltjarnarnesi. Dreng-

irnir hétu Geir Jóhannsson, fæddur 22. nóvember 1967, og Kristján Geir Þorsteinsson, fæddur 20. ágúst 1968. Litlu

drengirnir voru bræðrasynir og leikfélagar og áttu báðir heima að Þórshamri á Seltjarnarnesi. Geir heitinn var sonur hjónanna Jóhanns Geirssonar og Ernu Þorkeldsdóttur en Kristján heitinn var sonur hjónanna Þorsteins Geirssonar og konu hans Jónu Kristjánsdóttur.

Drengirnir fóru að heiman frá sér um klukkan 16 á föstudag. Var litil stúlka í för með þeim. Fóru börnin niður að Bakkatjörn, þar sem drengirnir ætluðu að veiða hornsili. Um kvöldmatarleitið kom litla stúlkan heim til sín og sagðist hafa farið heim þegar drengirnir ætluðu að fara út á ís, sem er á Bakkatjörn. Þorði litla stúlkan ekki út á ísinn. Um klukkan 20 var farið að svipast um eftir drengjunum og m.a. kíkt niður að Bakkatjörn og sáust piltarnir þá ekki.

Þegar hér var komið sögu var farið að spyrjast eftir drengjunum í húsum á Seltjarnarnesi, þar sem þeir gátu hugsanlega verið staddir. Þegar sú eftirgrenslan bar ekki árangur var haft samband við lögregluna og var leit skipulögð. Höfst hún um klukkan 22 og tóku fyrst þátt í henni félagar úr björgunarsveit SVFI á Seltjarnarnesi, Albert, og nokkrir einstaklingar. Nokkru fyrir miðnætti var haft samband

Framhald á bls. 26

Strandir:

## Millibilsástand og deyfð í atvinnumálum

EINS konar millibilsástand er ríkjandi á Ströndum um þessar mundir rækjuvertíðin nýafstaðin og hrognkelsaveiðar ekki byrjaðar, svo að heldur er dauft yfir atvinnulífina þar. Morgunblaðið hafði samband við fjóra staði á Ströndum og ræddi við heimamenn um ástandið.

Hólmavík: „Rækjuvertíðinni lauk hér í kringum síðustu helgi.“ sagði Andrés Ólafsson á Hólmavík. „Það er þess vegna eins konar millibilsástand hjá bátunum en þeir eru núna að búa sig undir hrognkelsaveiði. Rækju-

veiðin gekk annars þokkalega. Bátarnir veiddu upp í kvótann sinn og einnig viðbótarkvóta, sem þeir fengu.

Hér er mikill snjór núna. Fyrir nokkrum dögum hafði snjór tekið af jörðu að miklu leyti, og greiðfært var orðið um allt en síðan hefur skipt um, mikið snjóað að nýju og allt orðið teppt aftur.

Það er því heldur dauft yfir atvinnulífina hér, en vandræðalaust hljóð í fólki, ef ekki liður mjög langt þangað til hægt er að fara að stunda hrognkelsin, því að

Framhald á bls. 26



Frændurnir litlu, Geir (l.v.) og Kristján Geir.

## Á skíðum frá Austfjörðum til Vesturlands

6 flugbjörgunarsveitarmenn lagðir af stað vestur yfir landið í 550 km göngutúr

Sex félagar úr Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík lögðu af stað í dag gangandi á skíðum frá Austfjörðum, öræfaleið vestur yfir Ísland og á 15–20 dögum ætla þeir að ganga yfir hálendið um svæði sem ekki er vítað til að fyrr hafi verið farin að vetrarlagi, en ferðina ætla þeir félagar að enda í Húsafelli. Þeir félagar lögðu upp í gær frá Eskifirði. Það sem blífært var til fjalla fóru þeir akandi, en síðan tóku tveir jafnljótir við. Við röbbuðum við þá félagar áður en þeir lögðu upp, en undirbúningur fyrir þessa ferð hefur staðið nokkuð lengi og í sumar,

m.a. fóru þeir í sumar í Ferðafélagsskálann í Jökuldal með vistir fyrir þessa ferð. Leiðin sem þeir félagar ætla sér að ganga er um 550 km.

Í gær ætluðu þeir félagar sér að komast upp á brún á Kleif í um 600 m hæð. Þar ætluðu þeir að gista í nótt, en í dag ætla þeir á Snæfell en þangað er 27-km ganga frá Kleif. Á þessari leið er ekki öruggt að snjór sé að ráði og mun þá tefja þá félagar eitthvað en samkvæmt áætlun halda þeir frá Snæfelli að Kverká á mánudag. Ef snjóbrú er á Kverká komast þeir væntanlega yfir hana, en ella

Framhald á bls. 26



A myndinni eru þeir félagar samankomnir í húsi Flugbjörgunarsveitarinnar við Nauthólsvík þar sem þeir hafa verið að glugga í landakort síðustu daga. Frá vinstri: Rúnar Norquist, Þorsteinn Guðbjörnsson, Jóhannes Ellert Guðlaugsson, Þór Ægisson og Argrímur Hermannsson, en á myndina vantar Hjalta Sigurðsson, sem var kominn austur á land á undan félögum sínum. Ljósmynd Mbl.

## Færir Bretinn sig vestur?

BREZKU togararnir voru enn í gær fyrir austan land, allflestir við Hvalbak. Í fyrradag var mikið um það rætt á meðal brezku togaraskipstjórnanna að flotinn flytti sig vestur, en vegna veðurs höfðu þeir ekki enn gert það í gær. Þó sagði Gunnar Ólafsson, hjá Landhelgisgæzlunni, í gær að einn togari væri lagður af stað vestur og væri hann með búlfu veidarfæri. Er það samkvæmt fyrirskipun, að fari togararnir vestur, eiga þeir að vera með veidarfærin búlfu. Í gær voru enn 6 freigátur á miðunum, 3 dráttarbátar og 2 aðstoðarskip.